

Fjórir Sunnlendingar urðu Íslandsmeistarar í bifreiðaíþróttum um helgina



Íslandsmótinu í spyrgugreinum, á malbiki, lauk um helgina, með þriðju kvartmílukeppni sumarsins og stórgóðum árangri sunnlenskra keppenda. Haukur Baldvinsson á Toyota Supra; Ingimar Baldvinsson á Chevrolet Camaro; Arnkell Ragnar Ragnarsson á Plymouth Barracuda og Natthaphong Khamphan urðu allir íslandsmeistarar í sínum keppnisflokkum. Aðrir sunnlenskir keppendur sem gerðu það gott um helgina voru Gunnlaugur Emilsson og Sarawut Khamphan sem urðu í 3. sæti í sínum flokkum í kvartmílukeppni helgarinnar. Natthaphong og Sarawut eru bræður frá Hellu, Gunnlaugur er Flúðabúi og Arnkell ásamt bræðrunum Ingimari og Hauki eru Selfyssingar. Á myndinni eru frá vinstri Natthaphong, Arnkell, Haukur og Ingimar við kappakstursbíla sína.

Táknræn gjöf til krabbameinsdeildar HSU

Krabbameinsfélag Árnassýslu færði Krabbameinsdeild HSU fallega bjöllu sem mun fá sérstakan sess á göngudeild.

Við að hringja bjöllu í lok krabbameinsmeðferðar markar lok ákveðins kafla og upphaf þess næsta.

Bjallan er hugsuð fyrir einstaklinga sem lokið hafa krabbameinsmeðferð. Að síðustu meðferð lokinni gefst einstaklingum kostur á að hringja bjöllunni á göngudeildinni með starfsfólki sem hefur fylgt því í gegnum meðferð, oft í nokkra mánuði - stundum ár.

Þetta táknræna augnablik veitir oft gríðarlega andlegan styrk og gefur skjólstaðingum tækifæri að deila augnablikinu með fjölskyldu og starfsfólki sem fylgt hefur einstaklingnum í gegnum sína vegferð.

Krabbameinsfélag Árnassýslu vona



Guðbjörg Hjaltadóttir, sjúkráðgjafi á göngudeild, tekur við bjöllunni frá Erlu G. Sigurjónsdóttur, starfsmanni Krabbameinsfélags Árnassýslu. Mynd: HSU.

að bjallan verði mörgum áminning um seiglu, hugrekki og von – og gefur þeim sem ljúka meðferð tækifæri til að fagna þessum mikilvægu tímamótum.



Ljósmynd: Nanna Springer

Viðbygging við Óskaland hlýtur hönnunarverðlaun

Viðbyggingin við Óskaland vann nýlega verðlaun í Eistlandi The Prefab House of the Year 2026 fyrir besta verksmiðjuframleidda timburhúsið í flokknum besta opinbera byggingin.

Byggingin er hönnuð af marimo arkitektum fyrir Hveragerðisbæ og Eik fasteignafélag. Framleiðendurnir hjá Timberco tóku við verðlaununum og settu á samskiptamiðla sína @timber-

cowoohouse. Þar kemur fram úrdráttur úr umsögn dómnefndar. Í íslenskri þýðingu lagði dómnefnd áherslu á úthugaðan arkitektúr, þar sem áhersla er á hönnun án aðgreiningar og nútímallega nálgun gagnvart námsumhverfi. Pastelgrænt ytra byrði, sterk tenging milli inni- og útisvæða og hlýlegar viðarinnréttingar skapa notalegt námsumhverfi fyrir börn.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA bZ4X TOURING

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is



AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni
og kleinur á
meðan þú bíður
í september

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Ásahreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst tillaga aðal-
skipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Syðra-Langholt; Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting - 2505033

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6.
ágúst 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breyt-
inga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016- 2032 og deiliskipulagi.
Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistöku-
svæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000
m³ í stað 45.000 m³.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftir-
farandi deiliskipulagsáætlunar:

2. Ásmundarstaðir 1 2/5; Skilgreindar nýjar lóðir; Deiliskipu- lag - 2607024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. septem-
ber 2026, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Ásmundarstaða 1
L187658 og Ásmundarstaða 3 L165267. Í deiliskipulaginu felst að tvær
nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar. Heimilt að byggja allt að 3 hús á lóð, s.s.
íbúðarhús með bilageymslu, gestahús/geymslu eða gróðurhús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu
skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættis-
ins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á
skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 10.9.2026 með
athugasemdarfresti til og með 23.10.2026.

Mál 2. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 10.9.2026 með
athugasemdarfresti til og með 22.10.2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipu-
lagsstofnunar Skipulagsgáttin undir viðeigandi máli. Einnig má koma
á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU
Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU@skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Öflugt vetrarstarf Félags eldri borgar á Selfossi að hefjast

Þegar líður að seinni hluta
septembermánaðar kemst
hreyfing á öflugar nefndir,
stjórnir og námskeiðshaldara
sem hefja undirbúning að öflugu
vetrarstafi FebSel. Það er stór
hópur öflugara einstaklinga sem
kemur að vetrarstarfinu ár hvert
og verður þeim seint full þökkuð
sú vinna.

Kynningarfundur vetrarstarfs-
ins verður fimmtudaginn 17.
september og hefst hann á léttum
kaffiveitingum kl. 14.45 í boði
stjórnarinnar. Þegar allir hafa
notið veitinganna hefjast kynn-
ingar á starfi vetrarins eins og
það liggur fyrir. Og af mörgu er
að taka að venju.

Myndlist, leiklist, sönglist,
tálga, spila, lesa öndvegisbók-
menntir, bæði nýjar og fornar.
Karlarnir á Efri Hæðinni í Græn-
umörkinni

Leikhúsfærðir, gönguferðir,
bæði lengri og skemmri. Hreyfi-
fimi af öllum gerðum og styrk-
leikum og jóga til slökunar.
Boccia, snóker, píla og margt
annað! Sumarferðir og útilegan
Einu Sinn á Ágústkveldi sem
slegið hefur í gegn!

Þátttaka í starfi félagsins er
gefandi, hitta fólk, rabba saman
yfir kaffibolla og njóta.

Skráningarlistar munu liggja
frammi í Grænumörkinni eða
tilkynnt um annað skráningar-
form.

Kaffisopinn er í boði fyrir alla
kl. 10.00 alla morgna á virkum
dögum. Hægt er að panta mat í
hádeginu á heimasíðu Árborgar.

Öflug OPIN HÚS verða á
fimmtudögum og munum við
þar vera með fræðandi fyrir-
lestra, skemmtileg innslög, söng
og alls kyns uppákomur. Kynn-
ingarfundur viðburðarstjórnar
er fimmtudaginn 26. september.
Þar verður farið í gegnum
dagskrá á Opnum Húsum fram
eftir vetri. Kvenfélagið mun sjá
um veitingarnar í vetur eins og
þær gerðu sl. vetur og slógu þær
í gegn.

Arshátíð verður 12. nóvember
í Hótel Selfoss og þar verður
að venju öflug og skemmtileg
dagskrá. Aðventuhátíð verður 3.
desember með hátíðlegum söng
og nærveru og ljúfum veitingum.

Við vekjum athygli á því að
þetta öfluga starf sem við erum
með í félagsmiðstöð okkar í
Grænumörkinni og víðar er
fyrir alla eldri borgara í Árborg.
Alltaf eru að koma nýjrir félagar
og er nauðsynlegt að taka vel
á móti þeim og láta þeim líða

vel í félaginu okkar. Bjóða þá
velkomna og bjóða þeim sæti.

Skrifstofa félagsins er opin
á fimmtudögum frá kl. 13.00
til 14.30 og er á efri hæðinni
í Grænumörk. Heimasíðan er
febsel.is og þar eru margþættar
upplýsingar og einnig er hægt
að skrá sig í félagið þar. Einnig
er fésbókarsíðan: Félag eldri
borgara á Selfossi uppfyll af
upplýsingum.

Það er öflugt starf fram-
undan og allir velkomnir. Ef
einhver hefur áhuga á að brydda
upp á nýjum námskeiðum eða
með hugmyndir af einhverju
skemmtilegu þá endilega hafa
samband við stjórnina. Við
skoðum allar tillögur með
jákvæðni og hlýjum hug.

Við hvetjum alla Eldri
Borgara að skrá sig í Félag Eldri
Borgara á Selfossi í gegnum
netfangið febsel@febsel.is eða í
gegnum heimasíðu febsel.is eða
koma við á skrifstofu félagsins á
opnunartíma.

Takið þátt í öflugu starfi eldri
borgara á Selfossi og njótið
ykkar í öflugum félagsskap!

Magnús J. Magnússon,
formaður Félags eldri borgara
á Selfossi



Ljóð vikunnar

LJÓÐ

Þau eru ekki himneskar raddir að tala til okkar
úr djúpri fjarlægð. Þau eru elskaðar raddir,
innri raddir, fjarlægjar raddir, raddir sem vísa
okkur leið sem enginn veit hvert liggur.

Sumar raddir eru ljós á óupplýstum götum,
aðrar hljóma eins og fjarlægð skrjáf.

Sumar raddir breyta okkur í orð.

Mildar raddir, ekki til staðar, þöglar raddir...

Ljóð eru raddir orðnar að hljóðum sem segja
hvaðan við komum, hvert við stefnum, hver við erum.

Josep Piera, Spáni, 1947-2026

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu D. Sam Abrams
úr: "En el nom de la mar". ©Edicions 62. Málverk: Paternsonix.

VIÐHALDSSTJÓRI Á SOGSSVÆÐI

Viltu hlúa að aflstöðvum?

Framtíðarsýn okkar hjá Landsvirkjun er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Endurnýjanlega orkan kemur meðal annars frá aflstöðvum okkar við Sogið og við óskum eftir að ráða í stöðu viðhaldsstjóra þeirra.


Viðhaldsstjóri hefur umsjón með rekstri, eftirliti og viðhaldi aflstöðva og veitumannvirkja. Einnig hefur viðhaldsstjóri umsjón með framkvæmdum innan starfssvæðisins og skipuleggur rof og vinnu. Viðhaldsstjóri er staðgengill stöðvarstjóra.

Hæfni

- Menntun á véla- og /eða rafmagnssviði
- Reynsla og þekking á sviði gæða-, viðhalds-, verkefnis- og rafmagnsöryggisstjórnunar
- Reynsla á sviði verkstjórnunar og áætlunargerðar er æskileg
- Lipurð í samskiptum og jákvæðni
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í starfi
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 15. september

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf



Það borgar sig að gera við skemmdina strax

Öryggi, áreiðanleiki og fagmennska eru okkar einkunnarorð.

Við hjá Carglass erum sérfræðingar í viðgerðum, rúðuskiptum og stillingu á myndavélakerfum í framrúðum.

- Hraðþjónusta - aðeins 30 mínútur
- Gerum við fyrir öll tryggingafélög
- Mikilvægt er að láta skoða stjörnu í framrúðu sem fyrst
- Framrúðuviðgerð er þér yfirleitt að kostnaðarlausu þar sem tryggingafélagið greiðir
- Umhverfissvænni kostur að laga stjörnu en að skipta um rúðu

Bókaðu tíma í dag



Þú getur bókað tíma með því að skanna QR kóðann



CARGLASS

Skvísukvöld til styrktar Sigurhæða

Þrír nemendur í viðburða-
stjórnun við Háskólann á
Hólum, þær Aldís Stella, Jessis
Solys og Klaudia Anna, standa
fyrir Skvísukvöldi á Sviðinu í
miðbæ Selfoss þann 17. septem-
ber næstkomandi. Allur ágóði
viðburðarins rennur til Sigur-
hæða, úrræðis fyrir konur sem
hafa orðið fyrir kynbundnu
ofbeldi á Suðurlandi.

Skvísukvöld, eins og nafnið
kannski gefur til kynna, er ætlað
konum 18 ára. Stelpurnar hafa
undanfarið unnið að skipulag-
ningu Skvísukvölds sem hluta af
verklegu verkefni í náminu.

Fjölbreytt dagskrá á Sviðinu

Dagskrá kvöldsins er fjölbreytt.
„Okkur langaði að skapa
skemmtilegt kvöld þar sem
konur gætu komið saman, notið
góðrar tónlistar og skemmt-
unar og átt notalega stund. Við
vildum jafnframt vekja athygli á
mikilvægu málefni sem snertir
konur og láta ágóða kvöldsins
renna til góðgerðarmála,“
segja stelpurnar í samtali við
Dagskrána.

Stelpurnar segja gesti geta átt
von á skemmtilegu og notalegu
kvöldi. Guðrún Árný sér um
tónlistina og Theodóra Guðna-
dóttir verður með uppistand.
Einnig verða pop- og sölubásar,
happdrætti með glæsilegum
vinningum og léttar veitingar.
Við komu geta gestir fengið
áfengt eða óáfengt freyðivínsglas í boði Mekka og/eða
gos í boði Ölgerðarinnar og
barinn verður opinn. Húsið



Aldís Stella, Jessis Solys og Klaudia Anna. Mynd: Aðsind.

verður opnað klukkan 19:30 og
dagskráin hefst klukkan 20:00.

Allur ágóði rennur til Sigurhæða
Góðgerðamálið er stór hluti
Skvísukvöldsins en allur ágóði
rennur til Sigurhæða, sem veita
konum sem hafa orðið fyrir
kynbundnu ofbeldi stuðning,
ráðgjöf og öruggt rými.

„Við ákváðum að láta allan
ágóða renna til Sigurhæða
vegna þess að málefnið snertir
samfélagið allt og flest þekkjum
við einhvern sem hefur verið í
þessum sporum. Okkur finnst
mikilvægt að fólk hafi aðgang
að stuðningi, ráðgjöf og öruggu
rými þegar á þarf að halda. Þess

vegna vildum við styðja við það
mikilvæga starf sem Sigurhæðir
sinna.“

Þær leggja áherslu á að
mikilvægt sé að fólk viti hvert
hægt sé að leita þegar aðstoðar
er þörf og að enginn þurfi að
standa einn í slíkum aðstæðum.

Þær segja viðburði á borð
við Skvísukvöld aðstoða við að
vekja athygli á málefnið, gera
starf Sigurhæða sýnilegra og
stuðla að opnari umræðu.

„Við höfum jafnframt fundið
fyrir mikilvægi málefnsins í
styrktarleitinum, þar sem fyrir-
tæki sem ætluðu ekki að veita
fleiri styrki yfir höfuð restina
af árinu ákváðu að endurskoða
afstöðu sína. Það sýnir hvað
fólk er tilbúið að sameinast um
góðan málstað og leggja sitt af
mörkum,“ segja stelpurnar.

Að lokum

Stelpurnar vona að framlagið
geti stutt við áframhaldandi
starf Sigurhæða og hjálpað þeim
að veita enn fleirum mikilvægan
stuðning og ráðgjöf. Þær vonast
jafnframt að sjá sem flestar

Þær Aldís, Jessis og Klaudia
vilja að lokum þakka öllum
þeim frábæru fyrirtækjum
og einstaklingum sem hafa
aðstoðað og gert viðburðinn
mögulegan.

„Við hvetjum allar konur 18
ára og eldri til að koma og eiga
með okkur skemmtilegt kvöld í
góðum félagsskap og styðja um
leið við mikilvægt starf Sigur-
hæða. Við hlökkum mikið til
kvöldsins og vonumst til að sjá
sem flestar!“



Sunnlenski matgæðingurinn



Grilluð folaldalund með grænni sósu

Matgæðingur vikunnar er
Gunnar Þorgeirsson.

Fékk áskorun frá vinkonu
minni í síðasta blaði og tók
henni með ánægju. En eins og
hún nefnir er ég ekki mikið
fyrir að fara eftir uppskriftum
heldur að spila af fingrum fram
við matseldina. Það er kannski
erfitt að setja það á blað dass af
þessu og dass af hinu. Þannig
að ég ætla að reyna að setja
uppskrift af forrétti og aðalrétti
á blað. En eins og fram kom
hjá Evu þá framleiðum við
kryddjurtir í Gróðrarstöðinni
Ártanga þannig að hráefnið
litast af því.

Í forrétt býð ég upp á Bruchettu

- 4 stórir tómatar
- 5 hvítlauksrif
- 2 matskeiðar olífuolía
- 10 basilíkulauf
- 2 matskeiðar balsamedik
- Salt og pipar
- 2 stykki Ciabatta-brauð

Saxið tómata smátt og setjið
í skál, ásamt smátt saxaðri
basilíku og hrærið saman.
Setjið edikið og olífuolíuna
saman við og salt og pipar eftir
smekk. Pressið 4 hvítlauksrifin
og blandið saman við. Setjið í
ísskáp í ca. klukkustund.

Takið ciabatta-brauðið
og skerið í ca. 2 cm sneiðar.
Takið síðasta hvítlauks-
rifið og strjúkið yfir brauðið
og setjið olífuolíu á með og
grillið brauðið á útigrillinu
svo það verði stökkt. Berið
svo brauð og tómataukið
fram og þá getur hver fyrir sig
sett á brauðið það sem honum
hentar.

Svo í aðalrétt er grilluð folalda-
lund með grænni sósu.

Vona að þið njótið vel. En að lokum vil ég skora á son minn
Héðinn Þór Gunnarsson að koma með uppskrift í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Græn sósa

- 2 skalottulaukar, fínt saxaðir
- 4 greinar ferskt timjan
- 2 greinar rósmarín
- ½ búnt steinselja
- 4 greinar kerfill
- 4 greinar ferskt estragon
- ¼ dl safi úr ferskri sítrónu
- 1 tsk. sýrður rjómi
- 1 tsk. sterkt Dijon-sinnep
- 5 msk. smjör
- 10 ml. vatn
- Salt og pipar eftir smekk

Setjið skalottulaukinn í pott
og rífið lafin af timjan og
rósmarín niður og setjið saman
við. Setjið svo smjórið og
hinar kryddjurtirnar saman
við og hitið við vægan hita,
kryddið létt og látið malla þar
til allt er mjúkt og glært, ekki
brúna. Setjið sýrða rjómann
og sinnepið í skál og þeytið
saman. Hellið volgri kryddsm-
jörslöndunni út í. Bætið svo
sítrónusafanum ásamt vatninu
saman við. Smakkið til og
bætið við salti og pipar eftir
smekk. Setjið allt saman í pott
og haldið heitu við vægan hita.

Grillið folaldalundina og
berið fram með frönskum kart-
öflum og heitri sósunni.

KOMDU OG SYNDU STUÐNING Á

SKVÍSU Kvöldi

GÓÐGERÐARKVÖLD FÜR KONUR

Komdu með vinkonum og njóttu skemmtilega kvöldi
þar sem við fögnuðum konum, eigum góða stund saman
og styrkjum um leið mikilvægt málefni.

17. SEPTEMBER 2026

KL. 20:00 | SVIÐIÐ, SELFLOSS

ALLUR AGÓÐI RENNUR
TIL STYRKJAR SIGURHÆÐA

Míðar í sölu á [TIX.IS](https://tix.is)

DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17,
800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun:
Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Kíki öðru hvoru á mín,
hvaðan stefnir ættartreð.
Fjarlægja svo fötin sín,
færð ei lengur vera með.

Svar við gátu í blaði 2868: **SVARTI**

1. Svartidaudi (sjúkdómur) - 2. Svartidaudi (brennivín)
3. Svartikóli (þar sem kölski var skólastjóri) - 4. Svarti-Pétur (spil)

Við prentum ljósmyndir fyrir þig og þína

honnun.prentmetoddi.is

prentmet oddi
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944
solfoss@prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

SASS hafnar skattahækkun á baðlón: Ógnar 400 heilsársstörfum á Suðurlandi

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur samþykkt bókun þar sem lagst er alfarið gegn fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á aðgang að baðlónum úr 11% í 24%. Hækkunin ógnar yfir 400 heilsársstörfum og ríflega 35 milljarða króna fjárfestingu á Suðurlandi. Stjórnin krefst þess að áformin verði dregin til baka.

Mikilvæg undirstaða heilsársferðapjónustu á Suðurlandi

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á aðgang að baðlónum úr 11% í 24%. Baðlón eru mikilvægur hluti af ferðapjónustu og atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Í landshlutanum telur fjárfesting í starfsemi baðlóna og tengdum rekstri yfir 35 milljarða króna beint og þau skapa rúmlega 400 heilsársstörf. Þá er ótalin sú óbeina og afleidda fjárfesting og fjöldi starfa sem skapast hefur vegna baðlónanna. Hafa ber í huga að hluti þessarar uppbyggingar hefur ekki enn opnað fyrir gestum, svo án skattahækkunar munu tekjur ríkisins af baðlónum aukast verulega vegna fleiri baðlóna sem eru í uppbyggingu á landsbyggðinni, þar á meðal Suðurlandi.

Áhrif þessarar uppbyggingar ná langt út fyrir fyrirtækin sjálf. Starfsemi baðlóna er ein mikilvægasta undirstaða heilsársferðapjónustu í landshlutanum enda hafa þau opið allt árið um kring og laða þannig að gesti að vetri sem sumri. Baðlón eru ekki aðeins vinsælasta afþreying ferðamanna sem sækja Ísland heim heldur njóta þau jafnframt mikilla vinsælda meðal Íslendinga sem ferðast innanlands og

heimamanna. Þau skapa með starfsemi sinni grundvöll fyrir auknum umsvifum innan ferðapjónustunnar og hjá fjölmörgum öðrum fyrirtækjum í landshlutanum sem þjónusta þau með einum eða öðrum hætti.

Forsendur fjárfestinga brostnar án fyrirvara

Tímasetning virðisaukaskattshækkunarinnar er sérstaklega slæm þar sem baðlón landshlutans eru mörg hver nú í umfangsmiklum fjárfestingarfasa. Sum þeirra vinna að uppbyggingu nýrra áfangastaða með baðlónum en önnur stefna meðal annars á stækkun á núverandi starfsemi. Þær fjárfestingarákvarðanir sem liggja fyrir hafa verið teknar á grundvelli núverandi rekstrarumhverfis. Breyting sem þessi, án eðlilegs fyrirvara, setur forsendur fjárfestinganna og áætlanagerð baðlóna í uppnám til framtíðar. Hún hefur nú þegar gert það að verkum að uppbyggingaráform hafa verið sett í biðstöðu í landshlutanum og mun draga úr hvata og getu baðlóna til frekari fjárfestinga. Staðreyndin er sú að fyrirhuguð skattahækkun leggur heilsársstörf á Suðurlandi að veði og getur hæglega orðið þess valdandi að umsvif innan ferðapjónustunnar sem og í öðrum atvinnugreinum dragist saman með tilheyrandi tekjutapi fyrir ríkissjóð.

Grefur undan uppbyggingu sveitarfélaga

Sveitarfélög landshlutans eru ekki aðeins óbeinir áhorfendur að uppbyggingu baðlóna. Þau hafa lagt í umtalsverða vinnu og tekið á sig ýmsar skuldbindingar vegna skipulags, veitna og annarrar innviðaupbyggingar til að veita þeim brautargengi. Fyrir-



huguð skattahækkun breytir ekki aðeins rekstrarumhverfi fyrirtækjanna heldur grefur jafnframt undan þeirri atvinnuuppbyggingu sem sveitarfélögin hafa stutt og fjárfest í.

Bókun stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á aðgang að baðlónum úr 11% í 24%. Baðlón eru mikilvægur hluti af ferðapjónustu og atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Í landshlutanum telur fjárfesting í starfsemi baðlóna og tengdum rekstri yfir 35 milljarða króna beint og þau skapa rúmlega 400 heilsársstörf. Þá er ótalin sú óbeina og afleidda fjárfesting og fjöldi starfa sem skapast hefur vegna baðlónanna. Sveitarfélögin hafa lagt í umtalsverða vinnu og tekið á sig ýmsar skuldbindingar vegna skipulags, veitna og annarrar innviðaupbyggingar til að veita baðlónum brautargengi. Fyrirhuguð skattahækkun breytir ekki aðeins rekstrarumhverfi fyrirtækjanna heldur grefur jafnframt undan þeirri atvinnuuppbyggingu sem sveitarfélögin hafa stutt og fjárfest í.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga leggst alfarið gegn fyrirhugaðri virðisaukaskattshækkun á aðgang að baðlónum og krefst þess að hún verði dregin til baka.

SASS

Fjölmenni á Frístundamessu og afmælishátíð Umf. Selfoss

Það var líf og fjör í Kappahl höllinni á laugardaginn þegar Frístundamessa Árborgar og afmælishátíð Umf. Selfoss fóru fram. Fjöldi gesta lagði leið sína í höllina og tók þátt í skemmtilegum degi með félaginu.

Frístundamessan stóð yfir frá

kl. 10:00 til 12:00 og í kjölfarið tók afmælishátíð Umf. Selfoss við til kl. 14:00.

Boðið var upp á pylsur og ís og börnin gátu skemmt sér í hoppukastala og þeim þrautum sem félagið bauð upp á. Gunnar Geir trúbador sá um tónlistina

og flutti fjölda skemmtilegra laga fyrir yngstu gestina. Lalli töframaður lét heldur ekki sitt eftir liggja, skemmti gestum með töfrasýningu og blés upp fjöldann allan af blöðrum fyrir börnin.

UMFS



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

Guðmann Alex Guðmundsson
Álftarima 8, Selfossi



lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum Selfossi 22. ágúst.
Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

María Jónína Steinsdóttir
börn, barnabörn og langafabörn.

Barnakór Selfosskirkju

LEITAR AÐ FLEIRI SÖNGELSKUM BÖRNUM Í 2.-4. BEKKI

Barnakórinn hefur störf að nýju 1.september. Æfingar eru í Selfosskirkju á þriðjudögum frá 16:15 - 17:00



Í vetur mun barnakórinn m.a. syngja í messum, á tónleikum og skemmtikvöldum auk þess að taka þátt í jólasöng og glæsilegum aðventutónleikum í Selfosskirkju.

Starfið er ókeypis og allir velkomnir



Skráningar fara fram á selfosskirkja.skramur.is eða hjá Bergþóru á berg.runars@gmail.com

Unglingakór Selfosskirkju

LEITAR AÐ FLEIRI SÖNGELSKUM KRÖKKUM Í 5.-10. BEKKI

Unglingakórinn hefur störf að nýju 1.september. Æfingar eru í Selfosskirkju á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 15:00-16:15



Í vetur mun unglingakórinn m.a. syngja í messum og á tónleikum, fara í æfingabúðir auk þess að taka þátt í jólasöng og glæsilegum aðventutónleikum í Selfosskirkju.

Starfið er ókeypis og allir velkomnir



Skráningar fara fram á selfosskirkja.skramur.is eða hjá Edit á edit@simnet.is



Góð stemning á Uppskeruhátíð Hrunamanna

Hin árlega Uppskeruhátíð Hrunamanna fór fram á Flúðum síðastliðinn laugardag. Góð stemning var á hátíðinni þar sem gestum gafst tækifæri til að kynna sér og kaupa fjölbreyttar afurðir úr heimabyggð. Boðið var upp á ýmislegt grænmeti og aðrar landbúnaðarafurðir auk handverks og listmuna. Uppskeruhátíðin hófst með uppskerumessu í Hruna en að henni lokinni tók við markaður í félagsheimilinu á Flúðum. Hátíðin er árlegur viðburður sem gefur íbúum og gestum tækifæri til að fagna uppskeru ársins og styðja við framleiðendur og handverksfólk á svæðinu.

Myndir: Aldís Hafsteinsdóttir.



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Deiliskipulagsmál
Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst sam- eiginlega tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Hvamms- virkjun

- Eftirfarandi eru helstu breytingar sem gerðar eru á deiliskipulaginu:**
- Nákvæm afmörkun Hagalóns liggur fyrir og er því breytt lítillega, stærð lóns þó lítt breytt.
 - Efnislosunarsvæði við Ölmóðsey minnkar og vegur þangað breytist vegna minja.
 - Legu þjórsárdalsvegur er breytt ásamt reiðleið með honum, heimil- uð eru undirgöng undir veginn.
 - Settur er inn áningarstaður við Hagalón. Heimilaður er annar tíma- bundinn áningarstaður á framkvæmda tíma.
 - Legu vega innan svæðis er breytt lítillega og einhverjir vegir breyt- ast úr vinnuvegi í varanlegan veg. Bætt er inn vegi að tengivirki.
 - Reiðvegir um svæðið breytast.
 - Legu háspennulína og rafstrengja er breytt lítillega. Á uppdrætti er felld út tímabundin færsla háspennu línu en færslan áfram heimil á framkvæmdatíma.
 - Vatnstankur færist inn fyrir lóðamörk.
 - Legu nokkurra vinnuvega er breytt lítillega.
 - Sveitarfélagamörk eru leiðrétt til samræmis við breytingu í aðal- skipulagi.
 - Afmarkaðar eru lóðir og byggingarreitir fyrir stíflur.
 - Lóð stöðvarhúss/stíflu er stækkuð að sveitarfélagamörkum í þjórsá. Að öðru leyti en því sem kemur fram hér að aftan gilda skilmálar eldra deiliskipulags.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra þann 12.8.2026 og á fundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 5. ágúst 2026.

Tillagan liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúum beggja sveitarfélaga, á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. og á heimasíðu umhverfis- og tæknisviðs uppsveita, www.utu.is
Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 21. október 2026
Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is eða skipulagsfulltrúa UTU í síma 480-5550 eða með tölvupósti sigridur@utu.is

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi UTU



Karl Andreassen, forstjóri Ístak og Einar Örn Ólafsson, forstjóri First Water. Mynd: Aðsend.

ÍSTAK og First Water semja um uppbyggingu í Þorlákshöfn

First Water og verktakafyrirtækið Ístak hafa undirritað samning um umfangsmiklar framkvæmdir á athafnasvæði First Water í Þorlákshöfn. Með framkvæmdunum verður fyrsta áfanga landeldisverkefnis félagsins lokið og árleg framleiðslugeta tvöfölduð, úr 5.000 í 10.000 tonn af slægðum laxi.

Verkefnið felur í sér uppbyggingu kerja- og stjórnbyggingar sem mun hýsa átta eldisker, hvert um 5.500 rúmmetrar að stærð, ásamt tilheyrandi tæknibúnaði. Ístak mun annast uppsteypu, reisa stálvirki og sjá um klæðningu mannvirkisins.

Framkvæmdir hefjast á næstunni og er gert ráð fyrir að þær taki 16–18 mánuði. Áætlað er að þeim ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2028.

„Samningurinn við Ístak er stór og mikilvægur áfangi í uppbyggingu First Water. Með framkvæmdunum ljúkum við fyrsta áfanga verkefnisins og tvöföldum núverandi framleiðslugetu. Það er ánægjulegt að fá öflugt íslenskt verktakafyrirtæki með mikla reynslu

af flóknum framkvæmdum til samstarfs við okkur,“ segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri First Water.

„Uppbygging First Water er metnaðarfullt og tæknilega krefjandi verkefni sem fellur vel að reynslu og þekkingu Ístak, segir Karl Andreassen, forstjóri Ístak. Við erum stolt af því að taka þátt í þessum mikilvæga áfanga og hlökkum til góðs samstarfs við First Water við framkvæmdina.“

Um er að ræða fyrsta áfanga af sex í landeldisstöð First Water í Þorlákshöfn. Langtímamarkmið félagsins er að framleiða allt að 60.000 tonn af slægðum laxi á ári þegar uppbyggingu verður að fullu lokið.

First Water lauk við uppbyggingu átta 25 metra yfirbyggðra landeldistanka í fyrra og uppskar í fyrsta skipti 5 kg slægðan hágæða lax í september 2025. Í janúar á þessu ári hóf First Water reglubundna uppskeru á laxi með 95% yfirburðarhlutfalli (e. superior ratio). Afurðir félagsins eru seldar til viðskiptavina í Evrópu og Bandaríkjunum.

Nýsköpunardagur HSU

Nýsköpunardagur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands verður haldinn á Hótel Selfoss í dag, 10. september n.k. kl. 13.00.

Á Nýsköpunardaginn verður sjónum beint að nýsköpun, þróunarverkefnum og rannsóknnum innan stofnunarinnar. Á þessum degi fá gestir innsýn í spennandi verkefni starfsfólks, læra um nýjar lausnir í heilbrigðisþjónustu og þá þróun sem mótar framtíð heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa á Suðurlandi.

Á dagskrá verða mörg áhuga-verð erindi og kynningar á verkefnum starfsfólks sem endurspeglar þá framsækni, kraft og hugvit sem býr innan HSU.

Meðal erinda eru til að mynda fyrirlestrar lækna sem nýta ólíkar gervigreindarlausnir, annars vegar í móttöku á heilsugæslu og hins vegar við lestur myndgreiningar á bráðamóttöku



og hvernig tæknin hefur bæði aukið afköst þeirra í vinnu og bætt öryggi sjúklinga. Einnig verður kynning á Kraftmiklum krökkum sem er lífsstílsúrræði á heilsugæslunni fyrir börn með offitu og fjölskyldur þeirra.

Viðburðurinn er opinn öllum og verður einnig sýndur í beinu streymi. Hægt verður að nálgast streymið á heimasíðu eða á samfélagsmiðlum HSU á meðan viðburði stendur.

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 30. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Hraunstjörn og Hraunsland - nýr byggingareitur- nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar Hraunstjörn og Hraunsland. Á svæðinu er hraun sem rann eftir ísöld og er því friðað samkvæmt náttúruverndarlögum. Byggingarreitum hefur verið fundinn staður þar sem hraunið er gróíð og hefur takmarkað verndargildi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27.ágúst 2026.

Grímslækjarheiði - Hraunkvíar - nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Ytri-Grímslæk og Hraunkvíar sem eru saman um 9,2 ha. að stærð. Til stendur að afmarka 14 íbúðalóðir í samræmi við aðalskipulag Ölfuss reit ÍB17. Deiliskipulagið er endurauglýst þar sem meira en 12 mánuðir eru liðnir frá lokum auglýsingafrests og skipulagið ekki verið birt í B-deild.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. ágúst 2026

Tangagljúfur og Háagljúfur - AT6, ÍB36 og VP20 -óverulegt aðalskipulag

Lögð er fram breyting þar sem atvinnusvæði AT6 hliðrast, en heldur umfangi sínu. Eftir breytingu myndi atvinnusvæðið byrja þar sem landi tekur að halla í bæjarholtinu með minna skuggavarpi á þegar skipulagðar íbúðarlóðir á háholtinu, sbr. deiliskipulag um Háagljúfur. Atvinnusvæðið færir einnig milli taflna í aðalskipulagi, fer úr því að vera athafnasvæði með lítið mengandi starfsemi í svæði fyrir verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir að sá hluti verslunar og þjónustusvæðisins sem er sunnan og vestan Ölfusvegur verði fyrir alhliða þjónustu við ferðamenn, íþrótt- og afþreyingarmiðstöð og vagna- og vélasölu. Eftir breytingu myndi verslunar og þjónustusvæði vera 8,2 ha. en nýtt íbúðasvæði 2,4 ha. Samtals eru svæðin því 10,6 ha. Fyrir breytingu er AT6 svæðið samtals 8,3 ha. Aðalskipulagsbreytingin felur að hluta til í sér hliðrun og að hluta til breytingu úr AT í ÍB og VP svæði. Um er að ræða stækkun á heildarsvæðinu úr Landbúnaðarsvæði í ÍB og VP um 2,3 ha.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 27. ágúst 2026.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með 22.10.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
- Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur og upplýsingar um kærufresti hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærueheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

Skólastarf ML hafið

Nú eru nemendur Menntaskólans að Laugarvatni komnir í sætin sín og starfsfólkið á básana. Skólastarfið í ML er farið af stað og gleði og tilhlökkun hafa einkennt fyrstu dagana þetta haustið. Skím í Laugarvatni tókst einstak-

lega vel til en 54 nýnemar voru vígðir í vatninu, ásamt tveimur eldri nemendum. Dularfull þoka lá yfir vatninu og léði athöfninni viðeigandi hátíðleik.

Nýnemaskírnin fléttar saman hefðir, nýjar og gamlar. Útskriftarefnin leiða athöfnina

og fara á undan með góðu
fordæmi; í skrautlegum fótum
með gleðina og atorkuna sem
verkfæri. Nýnemarnir leysa
nokkrar þrautir og verkefni á
leið frá skólanum að vatninu,
með viðkomu hjá stytta Jónasar
Jónssonar frá Hriflu. Jónas,

ásamt fleiri menntaforkólfum, voru í forgöngu um að Menntaskólinn að Laugarvatni var stofnaður.

Fyrsta vikan í starfi ML snýst um að taka á móti nýnemum og vígja þau inn í skólastarfið. Nemendafélagið Mímir stóð

svo fyrir dansleik í Úthlíð föstudaginn 21. ágúst. Framundan eru spennandi vikur, til að mynda fara í útivistarferðir, þriðji bekkur til Parísar og/èða Berlínar og kórtónleikar í undirbúningi svo fátt eitt sé nefnt.



Nemendur briðja bekkjar í ML sáu um að skíra nýnema skólans. Mynd: ml.is.

Hannyrðahornið Herratrefill

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

GARN:

Kelbourne Scout 2 hespur eða
Big Bio Balance 2 hespur.
Garnið fæst hjá Bobbý Hvera-
gerði og bobby.is

STÆRÐIR:

Lengd trefils er ca 120-150 cm.

ÞAÐ SEM ÞARF:

Hringprjóna 5 mm 60 cm eða 80 cm.
Stoppunál til að ganga frá endum.

LESID VEL YFIR UPPSKRIFTINA ÁÐUR EN BYRJAÐ ER!

TÆKNIUPPLÝSINGAR:

Trefilinn er þrjónaður fram og til baka með Icord kantlykkjum í báða enda.

Mynstrið er prjónað með sléttnum og brugðnum lykkjum á réttu og röngu (ath mynsturteikningu, sléttar lykkjur sléttar á réttunni og brugðnar á röngunni, brugðnar lykkjur brugðnar á réttunni og sléttar á röngunni).

UPPSKRIFT:

Fitjið laust upp 44 lykkjur á 5 mm prjón og prjónið 2 lykkjur slétt (kantlykkjur). Prjónið mynstur eftir teikningu þar til að 2 lykkjur eru eftir á prjóninum, setjið þá bandið fyrir framan og takið óprjónuðu lykkjurnar 2 yfir á hægri prjón, snúið við og hafið bandið fyrir aftan og prjónið slétt þessar 2 lykkjur sem voru óprjónaðar (kantlykkjur). Prjónið mynstur eftir teikningu þar til 2 lykkjur eru eftir á prjóninum setjið bandið fyrir fram og takið óprjónuðu lykkjurnar vfir, snúið við.

Þessar umferðir eru endurteknaðar þar til trefillinn er hæfilega langur (sjá munstur).

Bara muna að tvær síðustu
lykkjurnar eru alltaf teknar
óprjónaðar yfir á hægri prjón
með bandið fyrir framan og
tvær fyrstu lykkjurnar eru alltaf
prjónaðar sléttar.
Fellið laust af.

Þvotið trefillinn í höndum, skolið og kreistið mesta vatnið úr leggið til þerris. Möguleiki er að setja í þvottavél ef þið treystið handþvotta-kerfinu ykkar og vindið aðeins í stutta stund 1-2 mín.

			•	•					•	•						•	•			
			•	•					•	•						•	•			
			•	•					•	•						•	•			
			•	•					•	•						•	•			
•	•						•	•						•	•				•	•
•	•						•	•						•	•				•	•
•	•						•	•						•	•				•	•
•	•						•	•						•	•				•	•

● = Brugðin lykkja á réttu en slétt á röngu.
□ = Slétt lykkja á réttu en brugðin á röngu.



BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Allar uppskriftir Hannyrðahornsins
eru aðgengilegar inni á DFS.is



Orkuveitan og Jafnvægisvogin taka höndum saman

Orkuveitan og Jafnvægisvogin hafa undirritað þriggja ára samstarfssamning með það að markmiði að stuðla að auknu kynjajafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, opinberra stofnana, lífeyrissjóða og sveitarfélaga.

Orkuveitan hefur um árabíl verið í farabroddi í jafnréttismálum og byggt árangur sinn á skýrri markmiðasetningu, mælingum og markvissum aðgerðum. Með samstarfinu miðlar Orkuveitan reynslu sinni og styður við áframhaldandi þróun, kynningu og starf Jafnvægisvogarinnar.

„Það er sérstaklega mikilvægt fyrir Jafnvægisvogina að fá til samstarfs fyrirtæki sem

hefur sýnt í verki að hægt er að ná raunverulegum árangri í jafnréttismálum. Orkuveitan hefur ekki látið sér nægja góðan vilja heldur sett sér skýr markmið, mælt árangurinn og fylgt honum eftir með aðgerðum. Slíkar fyrirmyndir skipta máli því þær sýna öðrum fyrirtækjum að breytingar eru mögulegar og að jafnrétti styrkir bæði vinnustaði og rekstur,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, stjórnarformaður Jafnvægisvogarráðs.

Jafnrétti er ákvörðun

Jafnréttisstarf Orkuveitunnar á sér langa sögu og ræturnar ná til forvera OR þegar Rafmagnsveita Reykjavíkur setti sér jafnréttisáætlun árið 1996 þar sem meðal annars var stefnt að því að

fjölga konum í ábyrgðarstöðum, vinna gegn kynbundnum launamun og kynna tækni- og iðnstörf sérstaklega fyrir konum.

Árið 1997 var jafnréttishópur stofnaður innan Rafmagnsveitunnar og staða jafnréttismála kortlögð. Sama ár var gripið til aðgerða til að leiðrétta launamun og hófst jafnframt veiting námsstyrkja til kvenna í iðn- og tækninámi.

Þegar Orkuveitan var stofnuð árið 1999 tók jafnréttisnefnd þegar til starfa. Árið eftir voru sett markmið um að draga úr kynbundnum launamun, fjölga konum í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum og auðvelda starfsfólki að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Árið 2011 var mörkuð skýr stefna um að jafna kynjahlutföll í stjórnunarstöðum og eyða óútskýrðum launamun. Árið 2017 hafði óútskýrður kynbundinn launamunur verið minnkaður niður fyrir 1% og hefur hann haldist innan þeirra marka síðan.

„Jafnrétti gerist ekki af sjálfu sér. Það er ákvörðun sem þarf að fylgja eftir með skýrum markmiðum, markvissum aðgerðum og virkri þátttöku stjórnenda. Orkuveitan hefur unnið lengi og skipulega að jafnréttismálum og náð góðum árangri, en við erum

hvergi nærri hætt því alltaf má gera betur. Með samstarfinu við Jafnvægisvogina viljum við miðla reynslu okkar, læra af öðrum og stuðla að hraðari breytingum í íslensku atvinnulífi,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitunnar.

Um Jafnvægisvogina

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni sem unnið er í samstarfi við stjórnvöld og hagsmunaaðila í íslensku atvinnulífi. Markmiðið er að hlutfall hvors kyns verði að lágmarki 40% í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, opinberra stofnana, lífeyrissjóða og sveitarfélaga.

Vinnustaðir eru hvattir að ganga til liðs við verkefnið með undirritun viljayfirlýsingar, setja sér skýr markmið og fylgja þeim eftir. Jafnvægisvogin stendur jafnframt fyrir greiningum, fræðslu og viðburðum, fylgist með þróun kynjajafnvægis og veitir árlega viðurkenningar til þeirra þátttakenda sem hafa náð markmiðinu.

Um Orkuveituna

Innan Orkuveitunnar starfa um 600 manns í fimm fyrirtækjum: Orkuveitunni, Veitum, Orku náttúrunnar, Ljósleiðaranum og Carbfíx. Starfsemin er bæði fjölþætt og samfélagslega mikilvæg



Erla Ósk Ásgeirsdóttir formaður Jafnvægisvogarráðs og Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Orkuveitunnar. Ljósmynd: Unnur/Spark.is.



Erla Ósk Ásgeirsdóttir formaður Jafnvægisvogarráðs, Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Orkuveitunnar, Erna Sigurðardóttir Mannauðsleiðtogi Orkuveitunnar, Rósa Viggósdóttir verkefnastjóri Jafnvægisvogarinnar og Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir framkvæmdastýra Mannauðs og tækni hjá Orkuveitunni. Ljósmynd: Unnur/Spark.is.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Grímsnes og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Kerhólsskóli - Breytingar 2. hæð og ný loftræsisamstæða

Verkið felur í sér breytingar á Kerhólsskóla á Borg í Grímsnesi. Framkvæmdir fara fram innanhúss í starfandi skólahúsnæði og að hluta á þaki byggingarinnar.

Helstu verkþættir eru sögun, brot og kjarnaborun í steypa byggingarhluta, frágangur lagnaskakts og stálpalls fyrir loftræsisamstæðu á þaki, límtré og festingar vegna breytinga á gólfi, lagnir, loftræsting, rafkerfi, brunaviðvörðunarkerfi og frágangur innanhúss, þ.m.t. léttir innveggir, niðurtekin loft, hurðir, innigluggar, gólfefni, málun og fastur búnaður.

Tilboðsfrestur er til og með 9. október.

Verklok eru 1. apríl 2027.

Útboðsgögn eru aðgengileg á rafrænu formi í gegnum Ajour Tender útboðskerfi Verkís. Sjá nánar á www.gogg.is.



KERHÓLSSKÓLI

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
17. sept. kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 17. sept. kl. 14:45-16:00

KYNNING Á
VETRARSTARFINU

kaffi og meðlæti í boði félagsins

Opíð hús 24. sept. kl. 14:45.

Viðburðarstjórn kynnir efni á
opnu húsi til áramótaSöngvaskáld í stofunni – Marína Ósk heldur
stofutónleika á EyrarbakkaSöngkonan Marína Ósk og við-
burðafyrirtækið MX PROJ-
ECTS kynna með mikilli hjarta-
gleði “Söngvaskáld í stofunni”,
stofutónleikaröð þar sem Marína
Ósk býður íslenskum söngva-
skáldum heim í stofu, hvar þau
flytja tónlist hvors annars, spjalla
við áhorfendur og segja sögur.Á þessum fyrstu tónleikum
mun enginn annar en Hreimur
Örn Heimisson setjast í stofu-
hornið með Marínu Ósk. Hreim
þarf vart að kynna, enda einn ást-
sælasti söngvari og lagahöfundur
þjóðarinnar til margra ára. Hannhefur gert garðinn frægan með
hljómsveitum á borð við Land og
syni og Made in Sveitin, ásamt
því að minna okkur öll á hvað
Lífið er yndislegt.Búast má við huggulegri og
heimilislegri tónleikaupplifun,
kitluðum hláturvöðvum, tón-
listarlegri næringu og léttum
veitingum í boði húseigenda.
Húsið opnar kl. 19:15 og tón-
leikar hefjast kl. 20:00. Sæta-
framboðið er eðlilega takmarkað
og fyrstur kemur, fyrstur fær sér
sæti. Áhorfendur velja sjálfir sitt
eigið miðaverð og einnig verður
hægt að fjárfesta í plötum og
varningi listafólksins.Viðburðurinn er haldinn með
dyggjum stuðningi Uppbygg-
ingarsjóðs Suðurlands og Tón-
listarsjóðs. Markmið verkefnis-
ins er að stuðla að samheldni
samfélagsins í Árborg sem og
fjölbreyttu tónleikahaldi utan
höfuðborgarsvæðisins.Nánari upplýsingar má
finna á Facebook-viðburðinum:
„Söngvaskáld í stofunni: Marína
Ósk & Hreimur.“Næstu stofutónleikar verða
haldnir 27. september þar sem
Ragnheiður Gröndal verður
gestur.

TIL SÖLU

Pearl trommusett
og róðravél til söluDiskar góðir. Góður stóll.
Tvöfaldur bassatrommufótur og
annar stakur. Á sama stað er til
sölu róðravél Concept 2
RowERG. Sími 899 7737.
Hannes.

HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.Heiðar Ragnarsson
S. 8981501

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 13.
september. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur pré-
dika og þjónar. Jón Bjarnason
leikur á hljóðfæri og leiðir safna-
aðarsöng. Barnabörðið er ávallt
á sínum stað og svo er kaffisopi
á eftir. Innilega velkomin.

Frá Árborgarprestakalli

Verið velkomin til kirkju sunnu-
daginn 13. september.
Messað verður í Selfosskirkju kl.
11. Sr. Gunnar Jóhannesson
þjónar og prédikar. Kór
Selfosskirkju leiðir safnaðarsöng-
inn undir stjórn Edit Molnár.
Kvöldguðsþjónusta verður í
Stokkseyrarkirkju kl. 20. Gunnar
Jóhannesson þjónar og kór
Eyrarbakka- og Stokkseyrarkirkju
syngur undir stjórn nýs organ-
ista, Hrafnkels Hallgrímssonar.
Morgunbænir eru alla miðviku-
daga í Selfosskirkju kl. 10.
Rjúkandi kaffi og léttar veitingar í
safnaðarheimilinu á eftir.Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.isDFS.IS
FRÉTTAVERF SUÐURLANDSRéttir, söngur, gleði og
rjúkandi kjötsúpa
á HestakránniÍslenska kjötsúpan hefur verið
Íórjúfanlegur hluti af réttar-
gleðinni á Skeiðunum. Við á
Hestakránni höldum í hefðirnar
og munum vera með kjötsúpu
frá klukkan 11:00-18:00 laugar-
daginn 12. September eða svo
lengi sem birgðir endast.Á Hestakránni hefur skapast
einstök stemmning þar sem
gleði og söngur hafa verið í for-
grunni.Hlökkum til að sjá ykkur á
réttardaginn 12. september í
sunnlenskri réttarstemningu á
Hestakránni.

Hestakráin



FJALLAGEYMSLUR
GOTT PLÁSS FYRIR FERÐAVAGNINN

Bjóðum uppá kalda geymslu
með steypu gólfi.

Neðri-Dalur
undir Eyjafjöllum,
rétt hjá Seljalandsfossi.


www.fjallageymslur.is | 8487785



Framleiðum allar helstu gerðir af **öskjum, bókum, límmiðum** og **almennu prentverki**.

Núna bjóðum við einnig upp á **bylgjukassa, bréfpoka** og margar aðrar umbúðalausnir.

Umhverfisvænn
kostur fyrir þig!



Umbúðir



Almenn prentun



Límmiðar



Bækur



Stimplar



Bréfpokar

Reykjavík 5 600 600
Selfoss 4 821 944
Akureyri 4 600 700

sala@prentmetoddi.is
selfoss@prentmetoddi.is
akureyri@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is

Prentsmiðja
1041 0858

BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800 LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

*Þar sem
fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · **pulsinn@pulsinn.com**

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gandi · Áreiðanleiki

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 **lagniroglausnir.is**

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
**20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

**VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!**

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**

510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss **stiflulosun.is**



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

RAFVÉLATEKNI
LÖGGILTUR RAFVERKTAKAR

Vantar þig rafvirkja?

Ahlíða rafverkataka
Sérfræðingur í stjórnmálum,
mótorstyrkingum og vélalengdum lausnum

HAFÐU SAMBAND
419-8700 | **rvt@rvt.is**
www.rvt.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ **www.trs.is**